



Hörgársveit

Fréttabréf

25. febrúar 2022 13. árgangur 2. tölublað

2. áfangi Hagabyggðar, Glæsibæ í Hörgársveit – kynning aðal- og deiliskipulagstillögu á vinnslustigi

Sveitarstjórn Hörgársveitar hefur samþykkt að kynna drög að aðal- og deiliskipulagstillögu fyrir 2. áfanga Hagabyggðar í landi Glæsibæjar fyrir íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum skv. 2. mgr. 30. gr. og 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Í skipulagsverkefninu felst að mörkum íbúðarsvæðis ÍB-2 í landi Glæsibæjar er breytt og þar gert ráð fyrir 13 íbúðarlóðum til viðbótar við 17 lóðir sem ráðgerðar eru í gildandi aðalskipulagi.

Skipulagstillögurnar eru aðgengilegar á skrifstofu Hörgársveitar, belamerkurskóla, milli 1. mars og 22. mars 2022 sem og á heimasíðu sveitarfélagsins, horgarsveit.is. Meðan á kynningartímabilinu stendur gefst almenningi kostur á að koma ábendingum eða athugasemdum vegna skipulagstillögunnar á framfæri við skipulags- og byggingarfulltrúa sveitarfélagsins á **netfangið sbe@sbe.is**

Opið hús vegna kynningar skipulagstillagnanna verður haldið á skrifstofu Hörgársveitar milli kl. 12:00 og 15:00 fimmtudaginn 17. mars 2022. Þar mun skipulags- og byggingarfulltrúi sitja fyrir svörum varðandi skipulagstillögurnar.

Skipulags – og byggingarfulltrúi.

Údráttur úr fundargerð sveitarstjórnar

Fimmtudaginn 24. febrúar 2022 kl.15:30 kom sveitarstjórn Hörgársveitar saman til fundar á skrifstofu sveitarfélagsins.

Fundarmenn: Axel Grettisson oddviti, Jón Þór Benediktsson, Ásrún Árnadóttir, María Albína Tryggvadóttir og Jónas Þór Jónasson.

Fundarritari: Snorri Finnlaugsson sveitarstjóri.

Þetta gerðist:

1. Fundargerð afgreiðslufundar SBE frá 35. fundi

Fundargerðin lögð fram.

2. Fundargerðir stjórnar SSNE frá 34. og 35. fundi

Fundargerðirnar lagðar fram.

3. Fundargerð stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga frá 906. fundi

Fundargerðin lögð fram.

4. Fundargerð stjórnar Norðurorku frá 270. fundi

Fundargerðin lögð fram.

5. Varmadæluvæðing

Umræður um framhald málsins. Lögð fram tillaga að reglum um styrki.

Sveitarstjórn samþykkti reglurnar og að þær verði kynntar fyrir viðeigandi aðilum sem og á heimasíðu sveitarfélagsins.

6. Lánasjóður sveitarfélaga, auglýsing eftir framboðum til stjórnar

Erindið lagt fram.

7. SSNE, ósk um fulltrúa í starfshóp

Lagt fram erindi frá SSNE þar sem óskað er eftir tilnefningu frá Hörgársveit um fulltrúa í starfshóp um samgöngu- og innviðastefnu.

Sveitarstjórn samþykkti að Jónas Þór Jónasson verði fulltrúi Hörgársveitar.

8. Umsókn um styrk v. hjartastuðtækis í Hlíðarbæ

Lagt fram erindi þar sem óskað er eftir styrk til kaupa á hjartastuðtæki í félagsheimilinu Hlíðarbæ.

Sveitarstjórn samþykkti að styrkja verkefnið.

9. Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra, umsókn um rekstrarleyfi fyrir gististað Fornhaga 2.

Lagt fram erindi þar sem óskað er eftir umsögn vegna umsóknar um rekstrarleyfi fyrir gististað í flokki II-C, að Fornhaga 2 í Hörgársveit.

Sveitarstjórn samþykkti fyrir sitt leyti að rekstrarleyfið verði veitt.

10. Umsögn vegna styrkumsóknar vegna vatnsveitu fyrir lögbýlið Hlöðum

Lagt fram erindi varðandi umsóknina.

Sveitarstjórn Hörgársveitar telur hagkvæmara að leggja sér vatnsveitu að Hlöðum heldur en að starfrækja þar vatnsveitu á vegum sveitarfélagsins.

11. Umsögn vegna styrkumsóknar vegna vatnsveitu fyrir lögbýlið Tréstöðum

Lagt fram erindi varðandi umsóknina.

Sveitarstjórn Hörgársveitar telur hagkvæmara að leggja sér vatnsveitu að Tréstöðum heldur en að starfrækja þar vatnsveitu á vegum sveitarfélagsins.

12. Hagabyggð Glæsibæ, skipulagsstillögur á vinnslustigi

Fyrir fundinum liggja drög að deiliskipulagstillögum fyrir 2. áfanga Hagabyggðar í Glæsibæjarlandi. Gögnin eru unnin af Ingólfi Guðmundssyni hjá Kollgátu dags. 11. febrúar 2022. Einnig liggja fyrir fundinum drög að skipulagstillögu vegna tilheyrandi breytingar á aðalskipulagi Hörgársveitar 2012-2024, unnin af Óskari Erni Gunnarssyni hjá Landslagi, dags. 5. janúar 2022.

Sveitarstjórn samþykkti að fyrirliggjandi drög að skipulagstillögum séu kynnt fyrir íbúum sveitarfélagsins skv. 2. mgr. 30. gr. og 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

13. Bréf frá EFS, almennt eftirlit með fjármálum sveitarfélaga Bréfið lagt fram.

14. Samstarf um velferðar- og skólaþjónustu

Lögð fram verkefnalýsing frá RR ráðgjöfum varðandi valkosti í samstarfi nágranna-sveitarfélaganna um velferðar- og skólaþjónustu. *Sveitarstjórn samþykkti að vinna áfram að verkefninu í samstarfi við nágrannasveitarfélögin.*

15. Samþykktir um stjórn Hörgársveitar breytingar, síðari umræða

Fyrri umræða um tillögu að breytingu á samþykkt um stjórn Hörgársveitar og fundarsköp sveitarstjórnar fór fram á fundi sveitarstjórnar 31. janúar 2022.

Sveitarstjórn samþykkti fyrirliggjandi tillögu að breytingu á gildandi samþykkt um stjórn Hörgársveitar og fundarsköp sveitarstjórnar.

16. SSNE, erindi vegna samstarfs við N4

Lagt fram erindi frá SSNE varðandi samstarf N4 og sveitarfélaga á svæðinu.


Sveitarstjórn samþykkti að Hörgársveit taki þátt í samstarfinu á þeim grundvelli sem um er rætt í erindi SSNE.

17. Trúnaðarmál

Fleira gerðist ekki, fundi slitið kl. 17:10

Viðhald ljósastaura

Tilkynna þarf um ónýtar perur og aðra viðhaldspörf á ljósastaurum heimreiða fyrir 11. mars n.k. ef úrbætur á að gera núna. Næsta viðhaldsferð verður svo í haust. Tilkynningar um viðhaldspörf eiga að berast skrifstofu Hörgársveitar, síminn er 460-1750 eða í netfangið horgarsveit@horgarsveit.is



EIN
VINSÆLASTA
SUNDLAUG
LANDSINS

HEITIR POTTAR
KALT KAR

Sundlaugin er 33° - 35° heit og notaleg og tilvalin til leik að leika sér í með börnunum

Rennibraut sem þau yngstu elska að renna sér.

VETRAROPNUN

MÁNUDAGA TIL FIMMTUDAGA:

KL. 17:00-22:30

FÖSTUDAGA

LOKAD

LAUGARDAGA

KL. 11:00 – 18:00

SUNNUDAGA

KL. 11:00 – 22:30

